



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 12. nóvember 2025
USK25090342

TILLAGA

Uppsögn á samningum bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar um rekstur gjaldskyldu fyrir einkaaðila

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi:

- Að segja upp samningum Bílastæðasjóðs um rekstur gjaldskyldu fyrir einkaaðila, gjaldsvæði 4 (P4). Þetta eru eftirtaldir aðilar: Landspítalinn, stæði við Eiríksgötu 5 og í Fossvogi, HR við Menntaveg og Húsfélagið Borgartúni 8-16 og Katrínartúni 2.

Greinargerð: Frá árinu 2006 hefur Bílastæðasjóður verið með eftirlit með gjaldskyldum svæðum innan lóða við stofnanir og fyrirtæki, gjaldsvæði 4. Lengi vel var Bílastæðasjóður eini aðilinn sem gat sinnt þessari þjónustu en síðustu ár hafa orðið tækniframfarir í eftirliti með lagningu bifreiða inná lóðum (t.d. myndavélaeftirlit).

Einkaaðilar hafa komið inná þennan markað og því ekki lengur ástæða til þess að Bílastæðasjóður sé að bjóða uppá þessa þjónustu á samkeppnismarkaði. Svæðum innan lóða sem bílastæðasjóður hefur eftirlit með hefur fækkað að undanförunu þar sem lóðarhafar hafa sagt upp sambærilegum samningum og leitað til einkaaðila, nú síðast Háskóli Íslands.

Í viðkomandi samningum um gjaldskyldu á lóð einkaaðila, gjaldsvæði 4 kemur fram að samningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Hvenær Reykjavíkurborg hættir þjónustunni er samkomulagsatriði milli viðkomandi lóðarhafa og Reykjavíkurborgar.

Verði tillagan samþykkt er óskað eftir því að það sé áframsent Borgarráði til afgreiðslu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri